

## **TILLAGA UM STOFNUN FLUGÖRYGGISNEFNDAR FLUGMÓDELFÉLAGSINS ÞYTS**

Aðalfundur Flugmóðelfélagsins Þyts 2003 samþykkir að skipa árlega í þriggja manna flugöryggisnefnd sem hafi eftirfarandi starfssvið:

1. Flugöryggisnefnd ber ábyrgð á að setja og framfylgja reglum sem gilda um flug og umgengni á Hamranesflugvelli.
2. Flugöryggisnefnd ber ábyrgð á kynningarefni til nýliða um öryggismál.
3. Flugöryggisnefnd ber ábyrgð á reglum sem gilda á hverjum tíma um framkvæmd flugsýninga á vegum félagsins. Fulltrúi nefndarinnar skal fara yfir framkvæmdaáætlun flugsýninga með tilliti til öryggisþátta.
4. Flugöryggisnefnd ber ábyrgð á úttekt flugmóðela og flughæfni flugmanna sem fljúga á flugsýningum á vegum félagsins.
5. Brot á reglum sem nefndin ber ábyrgð á, skal tilkynna til nefndarinnar, sem tekur afstöðu til viðbragða og úrbóta í hverju tilfalli.

**Aðalfundur Þyts 2003 tilnefnir eftirfarandi aðila í flugöryggisnefnd starfsárið 2003-2004:**

*Stefán Sæmundsson formaður*  
*G. Birgir Ívarsson*  
*Guðmundur G. Kristinsson*